

**160. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
15. júní 2020 og hófst hann kl. 7:30.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2004155 - Deiliskipulag Stofnanareits - Kirkjubraut 39 breyting

Tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Kirkjubraut 39.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að drög að breytingartillögu verði kynnt á sérstökum kynningarfundum.

2. 2006099 - Deiliskipulag Stofnanareits - Vogabraut 3 - stækkun á byggingarreit.

Umsókn um stækkun byggingarreits, vegna viðbyggingar við bílskúr.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum að Heiðarbraut 58, 60 og Vogabraut 1, 4 og 5.

3. 2001272 - Deiliskipulag Stofnanareits - Stillholt 9

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Brekkubraut 10, 12, Heiðarbraut 57, 59, 61, Stillholti 7 og 11. Athugasemdir bárust frá Heiðarbraut 61 og Stillholti 11. Breytingar voru gerðar eftir grenndarkynningu sem fólust m.a. í að byggingarreitur var færður 1,7 m frá lóðarmörkum Heiðarbrautar 61, bílskúrinn er lækkaður um 15 cm ásamt lækun á gólfplötu um 15 cm.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að svara þeim sem gerðu athugasemdir.

4. 2005361 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Þjóðbraut 3

Erindi lóðarhafa dags. 14. júní 2020, um heimild til að breyta deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Dalbrautar 4.

Breytingar felast m.a. í notkunarbreytingu þ.e. íbúðir verða á 1. hæð sem snýr að Þjóðbraut í stað rýmis fyrir miðbæjarstarfsemi s.s. verslun, þjónusta eða skrifstofur. Ennfremur verður breyting á nýtingarhlutfalli m.a vegna stækkunar á bílakjallara. Nýtingarhlutfall lóðar miðast við A-rými. Það hækkar úr 1,25 í 1,42. Til viðbótar kemur 9% hækkun fyrir B-rými. Heildarnýtingarhlutfall á lóð Þjóðbrautar 3 verður 1,55 (A og B rými).

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum á Þjóðbraut 1, Stillholti 23,

RS

Dalbraut 2 og 4.

5. 1905270 - Skrifstofuhúsnæði ÍA og aðstaða fyrir starfsmenn og kennara

Opnun tilboða í Jaðarsbakka skrifstofur 2. hæð, 12. júní s.l.

Eftirfarandi tilboð bárust:

G.S. Import kr. 6.152.500

Laufás kr. 6.184.500

Hallamál ehf. kr. 7.503.400

Kostnaðaráætlun kr. 6.800.000

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að ganga til samninga við lögstjóðanda.

6. 2006150 - Skoðunarferð

Skipulags- og umhverfissráð fór og skoðaði framkvæmdir við Fimleikahúsið, Brekkubæjarskóla, Bjarnalaug, Skrúðgarðinn og Breiðina.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar starfsmönnum skipulags- og umhverfissviðs fyrir upplýsandi ferð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

Ragnar Samundsson
SIS.P.H.

Stefán Þór Standoise
Gunnar Sigurðsson.

1. Ólafur Þorvaldsson

Haldis Sigurðsson.

Sam Frýr þinn